

Stjórnarfundur haldinn á Búgarði sunnudaginn 25. September 2011 klukkann 14:00

Mættir eru: Kristín, Þorgerður, Kristlaug, Óskar Þór, Edda Kamilla. Jóhanna.

Boðuð forföll: Birkir, Einar.

Óskar setti fundinn.

1. Landsmót 50+ - umsókn

Það hafa borist jákvæð viðbrögð frá bæði Dalvíkurbyggð og Eyjafjarðarsveit. Mánudaginn 26. September er fundur hjá UMFÍ þar sem tekin verður ákvörðun um hvar Landsmót 50+ verður haldið árið 2012.

Stjórnin þarf að kjósa um það hvort sveitarfélagið muni fá landsmótið til sín. Bæði Eyjafjarðarsveit og Dalvíkurbyggð hafa alla eiginleika til að halda þetta mót.

Kosningin fór á þann veg að Dalvíkurbyggð fékk 4 atkvæði og Eyjafjarðarsveit fékk 1 atkvæði.

Sett er í hendur Óskar að hafa samband við Dalvíkurbyggð.

Fara mun fulltrúi UMSE á fund UMFÍ á mánudaginn til að kynna umsóknina. Búið er að biðla til þorsteins en ef að hann kemst ekki þá fer Óskar.

Fundi slitið 14:40

---

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

---

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður.